

Nd.

575. Frumvarp til laga

[259. mál]

um ráðstafanir til jöfnunar á námskostnaði.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

1. gr.

Ríkissjóður veitir námsstyrki til jöfnunar á fjárhagslegum aðstöðumun nemenda í framhaldsskólum, að því leyti sem búseta veldur þeim misþungum fjárhagsbyrðum, sbr. þó 5. gr.

2. gr.

Réttar til námsstyrkja samkvæmt lögum þessum njóta íslenskir skólanemendur, sem stunda reglubundið framhaldsnám hér á landi:

- 1) Þeir, sem lokið hafa skyldunámi.
- 2) Þeir, sem verða að vista sig utan lögheimilis síns og fjarri fjölskyldu sinni vegna námsins.
- 3) Þeir, sem stunda reglulegt nám, sem framhaldsskóli skv. lögum þessum viðurkennir sem áfanga að réttindum eða prófi, er hann veitir.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem kveðið verður meðal annars á um lágmarksnámstíma og hlutfallslega upphæð styrkja miðað við skóla með lengstan árlegan starfstíma og eigi færri en 30 vikustundir.

Eigi skulu njóta styrks eftir lögum þessum:

- a) Þeir, sem eiga rétt til lána eða styrkja samkvæmt lögum nr. 7 frá 31. marz 1967, um námslán og námsstyrki. Nú njóta nemendur annarrar opinberrar námsaðstoðar eða styrkja, og er þá heimilt, séu þau framlög lægri en greitt mundi verða samkvæmt þessum lögum, að veita styrki, sem mismuninum nemur.
- b) Þeir, sem taka samningsbundið eða fast kaup á námstímanum að undanteknum sumarleyfum eða kennsluhléum, sbr. þó heimild í c-lið 5. gr.
- c) Þeir, sem ekki ljúka námsáfangu á tilskildum tíma, nema gildar ástæður séu fyrir töfum í námi.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar fimm manna námsstyrkjanefnd, sem skal leggja fyrir ráðuneytið tillögur um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laganna og úthluta námsstyrkjum til styrkhæfra skólanemenda.

Skulu tveir nefndarmanna skipaðir án tilnefningar, og skal annar þeirra vera formaður nefndarinnar, einn skipaður samkvæmt tilnefningu fjármálaráðuneytisins, einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, og skulu þeir allir skipaðir til fjögurra ára í senn. Auk þess skipar menntamálaráðuneytið einn mann í nefndina til eins árs í senn eftir tilnefningu félags samtaka skólanemenda þeirra skóla, er lög þessi taka til, eftir reglum, er ráðuneytið setur.

Þóknun til nefndarmanna greiðist úr ríkissjóði, svo og annar kostnaður við framkvæmd þessara laga.

4. gr.

Námsstyrkjanevnd aflar sér upplýsinga um námskostnað skólanemenda, þar sem miðað sé bæði við nægilegt úrtak frá einstökum skólum, sem lög þessi taka til, og einnig við upplýsingar Hagstofu Íslands eða hliðstæðra opinberra stofnana um almennan framfærslukostnað. Þær upplýsingar skulu m. a. taka til fæðiskostnaðar við skóla með eða án mótuneytis, húsnæðiskostnaðar við skóla með eða án heimavistar og ferðakostnaðar nemenda miðað við mismunandi kostnaðarsama skólasókn. Samanburður sé síðan gerður á námskostnaði, annars vegar þeirra nemenda, er verða að dvelja fjarri lögheimilum sínum við nám, og hins vegar þeirra, er stunda að geta nám, sitt án þess að hverfa að heiman til námsdvalar.

Á grundvelli þessara upplýsinga gerir nefndin tillögur um, hvað greiða skal vegna nemenda í heimavistarskólum annars vegar og heimangönguskólum hins vegar til jöfnunar samkv. 1. gr. Skal menntamálaráðherra ákveða almennar reglur um greiðslur þessar.

Menntamálaráðuneytið setur reglugerð, þar sem kveða skal á um, hvernig upplýsinga skuli aflað og grundvallarreglur um mat þeirra, skilyrði varðandi umsóknir og framkvæmd á úthlutun styrkja skv. þessari grein.

5. gr.

Menntamálaráðherra getur heimilað námsstyrkjanevnd að verja einhverjum hluta af heildarfjárveitingu í þessu skyni:

- a) að veita skólanemanda námsstyrk, þótt hann fullnægi ekki ákvæðum 2. greinar þessara laga, ef hann sannanlega að öðrum kosti getur ekki stundað nám vegna efnaleysis,
- b) að veita þeim nemendum hærri námsstyrki, sem eru frá fjölskyldum, er þurfa að kosta tvo eða fleiri nemendur við framhaldsnám á sama tíma,
- c) að veita skólanemanda námsstyrk, ef sérstakar ástæður mæla með því, þótt hann fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum 2. gr. þessara laga.

6. gr.

Menntamálaráðuneytið setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda að fullu frá byrjun skólaárs 1972/73 að telja.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er samið af nefnd, sem menntamálaráðuneytið skipaði, en ráðuneytið birtir sem fylgiskjal skýrslu nefndar þeirrar, sem úthlutað hefur tvö undanfarin ár fjárveitingum til aðstoðujöfnunar nemenda til náms.

Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu, segir:

„Með bréfi, dags. 26. apríl 1971, óskaði menntamálaráðuneytið eftir því, að þingflokkarnir tilnefndu hver um sig einn mann í nefnd til þess að semja frumvarp til laga um aðstoð við skólanemendur til að jafna aðstöðu þeirra til skólagöngu. Ráðuneytinu hafði verið tilkynnt um allar tilnefningar þingflokka 30. september síðastliðinn.

Þann 1. nóvember 1971 skipaði menntamálaráðherra síðan sjö manna nefnd til þess að semja fyrrgreint frumvarp til laga.

Í nefndina voru skipaðir eftirtaldir menn:

Runólfur Þórarinnsson, stjórnarráðsfulltrúi, án tilnefningar, og var hann skipaður formaður nefndarinnar,

Sigurvin Einarsson, fyrrv. alþingismaður, án tilnefningar,

Helgi Seljan, alþingismaður, samkvæmt tilnefningu Alþýðubandalagsins,

Ingvar Gíslason, alþingismaður, samkvæmt tilnefningu Framsóknarflokksins,

Kári Arnórsson, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu Samtaka frjálslyndra og vinstri manna,

Kristján J. Gunnarsson, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu Sjálfstæðisflokksins, og

Sigurþór Halldórsson, skólastjóri, samkvæmt tilnefningu Alþýðuflokksins.

Nefndin fékk margs konar upplýsingar hjá menntamálaráðuneytinu um námskostnað nemenda í ýmsum framhaldsskólum landsins, áætlun um fjölda nemenda að loknu skyldunámi fram til háskólanáms, um mótuneyti í skólum og heimavistir, svo og ýmislegt fleira.

Nefndarmenn voru sammála um það, að jöfnun á fjárhagslegum aðstöðumun æskufólks til framhaldsmenntunar vegna búsetu væri aðkallandi nauðsynjamál. Námskostnaður þeirra nemenda, sem verða að vista sig fjarri heimilum sínum vegna námsins, er miklum mun meiri en hinna, sem geta numið í skóla heiman frá sér daglega. Þennan kostnaðarmun verður að jafna, annars nýtur æskufólk ekki jafnréttis til menntunar. Skilningur manna á þessu máli hefur farið vaxandi á síðustu árum, utan þings og innan. Má minna á frumvörp og tillögur á Alþingi um þessi efni og fjölmargar samþykktir félagssamtaka víðs vegar um land. Á fjárlögum fyrir árin 1970, 1971 og 1972 hefur verið veitt nokkurt fé í þessu skyni.

Nefndin álitur, að ekki verði hjá því komizt að ná sem allra fyllstum jöfnuði á fjárhagslegum aðstöðumun æskufólks til menntunar vegna búsetu frá og með næsta skólaári, svo að endir verði bundinn á það misrétti, sem ríkt hefur í þessum efnum. Jafnframt vill nefndin benda á nauðsyn þess, að í Reykjavík a. m. k. verði komið upp mótuneytum, þar sem öllum aðkomunemendum gefist kostur á að kaupa fæði, en um slík fæðiskaup virðist ekki vera að ræða í Reykjavík nú.

Nefndin leggur ekki til, að námsstyrkir nái til barna á skólaskyldualdri, enda er sveitarfélögum, með lögum, gert að skyldu að bæta þar úr fjárhagserfiðleikum. Auk þess veitir ríkissjóður nú þegar verulegan fjárhagsstuðning nemendum á skyldunámsstigi með hlutdeild sinni í fæðiskostnaði, húsnæðiskostnaði og flutningi nemenda til og frá skóla.

Um alllangt skeið hafa háskólastúdentar og nokkrir fleiri skólanemendur notið námslána og styrkja samkvæmt sérstökum lögum. Nefndin telur því, að námsstyrkja-kerfi það, sem hér eru gerðar tillögur um, eigi ekki að ná til þeirra nemenda.

Ekki er unnt að gera nákvæma áætlun um heildarkostnað ríkissjóðs vegna námsstyrkja samkvæmt þessu frumvarpi. Til þess þarf umfangsmikla athugun í hverjum einstökum skóla, sem frumvarpið tekur til, um mismun á námskostnaði aðkomunemenda og heimanemenda. Auk þess þarf fullnægjandi upplýsingar um fjölda styrkhæfra nemenda, um ferðakostnað þeirra og fleira. En samkvæmt þeim upplýsingum, sem menntamálaráðuneytið hefur látið nefndinni í té, er ólíklegt, að heildarupphæðin verði undir 100—120 millj. kr. á næsta skólaári, þar sem búast má við, að styrkhæfir nemendur verði þá ekki undir 4000.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Sérstakra skýringa er ekki þörf.

Um 2. gr.

Hér er gerð grein fyrir, hvaða skólanemendur eiga rétt á námsstyrkjum. Samkvæmt 3. lið þessarar greinar er lagt til, að með reglugerð verði sett nánari ákvæði

um lágmark námstíma sem skilyrði fyrir námsstyrk, svo og um hlutfallslega upphæð styrkja eftir námstímalengd. Þykir óeðlilegt að setja bindandi ákvæði í lög um þessi efni.

Ekki er gert ráð fyrir því, að þeir skólanemendur njóti námsstyrkja, sem hafa samningsbundið eða fast kaup við nám, enda er fjárhagsleg aðstaða þeirra yfirleitt betri en hinna, sem engar slíkar tekjur hafa.

Þá er það skilyrði sett fyrir námsstyrk, að nemandi ljúki hverjum áfanga námsins á þeim tíma, sem ráð er fyrir gert í reglum, viðkomandi skóla, enda valdi ekki óviðráðanlegar ástæður töfum í námi.

Um 3. og 4. gr.

Lagt er til, að skipuð verði fimm manna námsstyrkjanefnd. Skipan hennar er með sama hætti og þeirrar nefndar, er annazt hefur hliðstæðar styrkveitingar tvö undanfarin ár, að því undanteknu að Samband ísl. sveitarfélaga tilnefni einn mann í stað tveggja áður, en í stað þess tilnefni félagssamtök nemenda einn nefndarmann. Þykir rétt, að nemendur, sem hér eiga mikilla hagsmuna að gæta, eigi hlut að framkvæmd laganna.

Hlutverk námsstyrkjanefndar er að gera tillögur um árlegar fjárveitingar í samræmi við markmið laganna og leggja þær fyrir ráðherra og úrskurða umsóknir skólanemenda um námsstyrki og úthluta styrkjum, eftir að hún hefur aflað sér nauðsynlegra upplýsinga um námskostnað í hverjum þeim skóla, sem lög þessi taka til. Rétt þykir, að sett verði með reglugerð nánari ákvæði um grundvallarreglur fyrir söfnun þeirra upplýsinga, mat á þeim og um framkvæmd á úthlutun styrkja.

Um 5. gr.

Nefndin telur, að rétt sé að veita námsstyrkjanefnd heimild, að fengnu samþykki menntamálaráðherra, til nokkurra undantekninga um styrkveitingar frá þeim meginreglum, er getur í 2. gr. frumvarpsins. Þessi frávik eru:

að veita nemanda námsstyrk, þótt hann dvelji ekki utan lögheimilis síns við nám, ef sannanlegt er, að hann getur ekki, að öðrum kosti, stundað nám vegna efnaleysis. Með þessu ákvæði er viðurkennd sú siðferðislega skylda þjóðfélagsins, að engin ungmenni eigi að gjalda þess í námi, að foreldrar eða forráðamenn þeirra búa við efnaskort.

að veita þeim nemendum hærri námsstyrki, sem eru frá fjölskyldum, er þurfa að kosta tvo eða fleiri nemendur við framhaldsnám á sama tíma. Hér er verið að hamla gegn því, að sumir unglingar sömu fjölskyldu geti ekki aflað sér menntunar vegna erfiðra fjárhagsástandna fjölskyldunnar.

að veita skólanemanda námsstyrk, þótt hann fullnægi ekki að öllu leyti ákvæðum 2. gr., ef sérstakar ástæður mæla með því. Má þar nefna t. d., að nemandi nær ekki fullri námstímalengd vegna veikinda eða annarra forfalla, eða að lítið á skortir að öðru leyti, að hann fullnægi skilyrðum til námsstyrks.

Um 6. gr.

Skýringa er ekki þörf.

Um 7. gr.

Þar sem fjárveiting í fjárlögum fyrir árið 1972 til jöfnunar námsaðstöðu í framhaldsskólum er ekki í samræmi við ákvæði þessa frumvarps, þykir rétt, að tekið sé fram, að löggin komi ekki til framkvæmda að fullu fyrr en með byrjun næsta skólaárs, en að öðru leyti taki löggin strax gildi, er þau hafa verið samþykkt.

Fylgiskjal.

Skýrsla

um úthlutun styrkja 1970 og 1971 til jöfnunar aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms.

I.

Inngangur.

Í fjárlögum ársins 1970 voru veittar tíu milljónir króna til jöfnunar aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms. Í fjárlögum 1971 voru veittar 15 milljónir króna í sama skyni.

Menntamálaráðherra setti reglur um úthlutun þessa fjár, hinar fyrri 21. maí 1970, um úthlutun styrkja vegna skólaársins 1969/1970, síðan endurskoðaðar reglur 23. febrúar 1971, um úthlutun styrkja skólaárið 1970/1971.

Menntamálaráðherra skipaði úthlutunarnefnd, en í henni eiga sæti: Birgir Thorlacius, ráðuneytisstjóri, formaður, og Torfi Ásgeirsson, deildarstjóri, en þeir voru skipaðir af ráðherra, án tilnefningar, Pálmi Jónsson, alþingismaður, tilnefndur af fjármálaráðherra, Björn Halldórsson, skrifstofustjóri og Ölvir Karlsson, oddviti, tilnefndir af stjórn Sambands isl. sveitarfélaga. Starfsmaður nefndarinnar var Örylgur Geirsson, fulltrúi í menntamálaráðuneytinu.

Verða hér á eftir rakin helztu störf nefndarinnar.

II.

Almennt um styrkina.

Eins og áður segir voru fyrri reglurnar um beina styrki til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms gefnar út 21. maí 1970. Var þar ákveðið, að fénu, tíu millj. króna, skyldi varið til styrktar þeim nemendum, er stunduðu nám skólaárið 1969/1970, þ. e. að styrkirnir giltu að nokkru leyti aftur í tímann. Í reglum þessum var mörkuð sú stefna, sem gildi um báðar úthlutanir, að nota féð fyrst og fremst til styrktar þeim nemendum, sem stunduðu nám við skóla fjarri heimilum sínum, án þess að hafa heimavistar- eða mótuneytisaðstöðu, en sá hópur nemenda er allstór og býr almennt við lakari aðstöðu en hinir. Þá var og í reglunum gert ráð fyrir styrk til þeirra nemenda, er höfðu verulegan ferðakostnað vegna námsins og þá án tillits til þess, hvort þeir byggju í skólaheimavist eða ekki.

Veittir voru því tvenns konar beinir styrkir:

Dvalarstyrkir til þeirra nemenda, sem urðu að dvelja utan heimila sinna án þess að eiga kost á skólaheimavist. Dvalarstyrkur var 1200 kr. á mánuði og miðað var við nauðsynlegan dvalartíma á skólastað vegna námsins, að meðtöldum skóla- leyfum.

Ferðastyrkir, allt að 75% af ferðakostnaði, voru greiddir vegna ferðakostnaðar nemanda frá dvalarstað hans innanlands við byrjun skólaárs að skóla og heim úr skóla við lok skólaársins (tvær ferðir).

Enn fremur var með reglunum gert ráð fyrir stuðningi við skipulagðan akstur að framhaldsskólum.

III. Úthlutun styrkja.

Strax að lokinni útgáfu reglnanna var auglýst eftir umsóknum um styrki og send út frétt um málið. Þá voru umsóknareyðublöð ásamt reglunum send til skólastjóra allra framhaldsskóla og til þess mælt, að þeir afhentu viðkomandi nemendum eyðublöðin og að þau yrðu síðan send ráðuneytinu, staðfest af skólastjórum.

Þar sem langt var liðið á skólatímabilið og skólar í þann mund að hætta, bárust umsóknir mjög dræmt til ráðuneytisins (í júlí höfðu aðeins borizt milli eitt og tvö hundruð umsóknir). Var því ákveðið að biða með úthlutun styrkja þar til skólar hæfust að nýju þá um haustið og tryggt væri að sem flestir nemendur fengju vitneskju um styrkina. Nýtt bréf var því sent til skólastjóra, þar sem mælt var til þess, að umsóknum yrði skilað eigi síðar en 25. október og ítrekað, að athygli nemenda yrði vakin á þessum styrkjum, hefði slíkt ekki verið gert áður.

Hinn 25. október 1970 höfðu borizt tæplega 1000 umsóknir og var þá hafizt handa um úthlutun. Voru ávísanir sendar skólastjórum til afhendingar í desember 1970. Umsóknum fjölgaði hins vegar jafnt og þétt, ekki sízt, eftir að styrkgreiðslur hófust.

Um áramótin höfðu verið afgreiddar tæpar 1400 styrkgreiðslur. Nefndin lauk afgreiðslu styrkja fyrir skólaárið 1969/1970 í lok febrúar 1971. Styrk hlutu 1430 nemendur, hafnað var 127 beiðnum, umsóknir voru því alls 1557. Heildarúthlutun nam kr. 10 008 350.00, þar af dvalarstyrkir kr. 8 333 350.00 og ferðastyrkir kr. 1 675 000.00.

Við undirbúning fjárlaga fyrir árið 1971 var gert ráð fyrir 12 millj. króna til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms. Að fenginni reynslu frá fyrstu úthlutun, lagði menntamálaráðuneytið til við fjárveitinganefnd, að beiðni úthlutunarnefndar, að veitt yrði 21 millj. króna í þessu skyni 1971.

Nefndin taldi að umbeðna fjárhæð ætti að nota á eftirfarandi hátt:

a) Til dvalarstyrkja	kr. 12 millj.
b) Til ferðastyrkja	— 4 —
c) Til þátttöku rikissjóðs í kostnaði við skipulagðan akstur fyrir nemendur	— 2 —
d) Til lækkunar mötuneytiskostnaðar í framhaldsskólum ..	— 3 —

Samtals kr. 21 millj.

Með þessari tillögu var gert ráð fyrir um 20% aukningu styrkumsókna og um 20% hækkun dvalarstyrkja. Þá var gert ráð fyrir ferðastyrk vegna fjögurra ferða milli heimilis og skóla í stað tveggja áður. Liðurinn til lækkunar á mötuneytiskostnaði í framhaldsskólum var hugsaður þannig, að fénu yrði skipt milli skólamötuneyta eftir fjölda nemenda og mötuneytisdaga.

Í fjárlögum fyrir árið 1971 voru veittar 15 millj. króna til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms. Gefnar voru út nýjar reglur um úthlutun þessa fjár, dags. 23. febrúar 1971. Samkvæmt þeim reglum var styrkur vegna ferðakostnaðar aukinn þannig, að greiddar voru fjórar ferðir að og frá skóla í stað tveggja áður, þ. e. a. s. haustferð í skóla, ferð heim og heiman í jólaleyfi og ferð úr skóla að vori. Áður voru jólaferðir ekki styrktar og sætti það nokkurri gagnrýni nemenda. Dvalarstyrkur var hafður óbreyttur og horfið var frá því að greiða niður mötuneytiskostnað. Nokkrum ákvæðum fyrri reglna var litillega breytt og miðað að því að gera þau skýrari og ákveðnari.

Má segja, að ekki hafi verið um verulega breytingu að ræða frá árinu áður, aðra en hækkun ferðastyrks.

Umsóknareyðublöð ásamt reglunum voru send til skólastjóra á sama hátt og áður og var til þess mælt, að umsóknir bærust ráðuneytinu fyrir 31. marz 1971.

Til þess að úthlutun gengi sem hraðast og nemendur gætu notað styrkinn á námstímabilinu, hafði nefndin þau vinnubrögð, að úthluta styrkjum jafnóðum og fullgildar umsóknir bárust.

Flestar umsóknir bárust ráðuneytinu í aprilmánuði, en voru auk þess að berast jafnt og þétt fram á mitt sumar og eru reyndar einstaka umsóknir að berast enn þá.

Umsóknafjöldi varð mun meiri en búizt hafði verið við. Gert hafði verið ráð fyrir um 20% aukningu frá fyrra skólaári, en varð 65% aukning fullgildra umsókna, 2190 voru afgreiddar jákvætt, 436 hafnað, en samtals bárust 2626 umsóknir.

Sýnt var, að fjárveitingin 15 milljónir dygði ekki til úthlutunar samkvæmt þeim reglum, sem settar höfðu verið, og fór því nefndin fram á með bréfi, dags. 5. maí 1971, að fá til viðbótar 2.3—2.5 millj. kr. til þess að geta þá þegar sinnt þeim styrkumsóknum, er fyrir lágu. Samþykki fékkst fyrir þeirri beiðni nefndarinnar og hefur nú verið úthlutað samtals kr. 17 863 500.00 til nemenda í framhaldsskólum vegna skólaársins 1970—1971, dvalarstyrkir kr. 12 864 000.00 og ferðastyrkir kr. 4 999.500.00. Samtals hefur því verið úthlutað bæði skólaárin kr. 27 871 850.00 og afgreiddar 3620 umsóknir.

Nefndinni bárust nokkrar umsóknir frá nemendum skyldunáms. Að tilhlutan hennar hlutu þeir sambærilega styrki annars staðar frá, þannig að 51 nemandi á skyldunámsstigi, sem ekki átti þess kost að stunda nám í heimabyggð, hlaut styrki er samtals námu kr. 348 300.00.

IV. Reglur.

Með skýrslu þessari fylgja eintök af reglum um úthlutun styrkja til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms, ásamt umsóknareyðublöðum.

Verður hér á eftir gerð grein fyrir helztu þáttum regnanna og framkvæmd nefndarinnar á hinum einstöku ákvæðum þeirra.

Tilgangur.

Þegar rætt er um aðstöðumun nemenda í strjálbýli, er augljóst, að sá aðstöðumunur er margvíslegur m. a. að því er varðar efnahag og aðra aðstöðu til náms. Hins vegar mun ætlunin með nefndum fjárframlögum hafa verið sú að jafna mismunandi kostnað við skólasókn eftir búsetu.

Styrkveitingar ná eingöngu til nemenda í framhaldsnámi. Kostnaðarauki vegna búsetu skyldunámsnemenda er ekki eins tilfinnanlegur, þar sem til kemur mikill akstur greiddur af hinu opinbera og auk þess heimavistir þar sem nemendur greiða sem næst hráefniskostnað matar, sem í flestum tilfellum er ekki stórum meiri en sá kostnaður, sem sparast á heimilum nemenda vegna heimavistardvalar þeirra.

Þegar nemendur hafa lokið framhaldsnámi og ef við tekur æðri menntun, t. d. háskólanám, kemur til annars konar opinber stuðningur í formi lána og styrkja.

Misjöfn fjárhagsleg aðstaða til náms eftir búsetu virðist því mest eftir að skyldunámi lýkur.

Sá stuðningur, sem ríki og sveitarfélög áður veittu nemendum í framhaldsnámi og aðstandendum þeirra, var fyrst og fremst fölginn í heimavistar- og mótuneytis- aðstöðu við suma framhaldsskólana, frádrætti við skattálögur, akstursstyrkjum o. fl., auk þess sem til eru dæmi um, að sveitarfélög veiti nemendum beina styrki, en slíkt heyrir fremur til undantekninga. Þá hafa nokkrir skólar yfir smásjóðum að ráða, er veittir eru styrkir úr, en þá án tillits til búsetu.

Í reglunum segir að tilgangur styrkjanna sé:

- a) að bæta aðstöðu þeirra framhaldsskólanema, er verulegan ferðakostnað hafa vegna náms,
- b) að bæta aðstöðu framhaldsskólanema, er verða að dvelja við nám fjarri heimilum sínum, án þess að eiga kost á skólaheimavist.

Búseta.

Merking orðsins strjálbýli er nokkuð óákveðin og ekki auðvelt að segja til um við hvaða staði skal miðað, t. d. hefur oft verið lögð sú merking í orðið, að þar væri átt við byggðarlög með færri en 300 íbúa.

Ef úthlutað hefði verið eftir þeirri reglu, hefðu margir ekki notið styrkja, sem eðlilegt var talið að nytu þeirra. Nefndin fylgdi því þeirri reglu, að þeir nemendur strjálbýlis og þéttbýlis, sem urðu að dveljast við nám fjarri heimilum sínum, vegna þess að þeir áttu ekki kost á sambærilegu námi heima fyrir, hlutu styrk. Þetta þýddi, að nemendur, sem komu frá þéttbýlisstöðum eins og t. d. Akureyri og hugðust afla sér menntunar sem barnakennarar, hlutu styrk, vegna þess, að aðeins er um einn skóla að ræða, í Reykjavík, og þurfti því að hafa búsetuskipti meðan á námi stóð.

Lögheimili 1. des. ár hvert skar úr um styrkhæfni umsækjanda að því er búsetu varðaði. Lögheimili í sveitarfélagi, þar sem skóli var staðsettur, eða búseta í nágrenni skóla, þótt í öðru sveitarfélagi væri, hafði í langflestum tilfellum í för með sér að umsókn var hafnað. Væri hins vegar flutningur frá lögheimili nauðsynlegur, öðlaðist umsækjandi rétt til styrksins, væri öðrum skilyrðum einnig fullnægt.

Lögheimili nemandans og búseta hans á námstíma var því grundvallarforsenda fyrir styrkhæfni umsóknar.

Framhaldsnám.

Í reglunum er skýrt hvaða framhaldsnám skuli styrkja, í fyrsta lagi með því að tilgreina skóla, í öðru lagi lengd árlegrar skólagöngu og í þriðja lagi með því að taka fram hvaða framhaldsnám sé ekki styrkt.

Í 2. gr. reglnanna er sagt, að framhaldsskólar í þessu sambandi séu gagnfræðaskólar ofan skyldunáms, kennaraskólar, menntaskólar og sérnámsskólar.

Gagnfræðaskólar ofan skyldunáms voru taldir: 3. bekkur miðskóla, 3. og 4. bekkur gagnfræða- og héraðsskóla, þar taldar verknámsdeildir og aðrar slíkar sérdeildir gagnfræðaskóla, verknámsdeild Iðnskólans í Reykjavík og framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna, þ. e. 5. og 6. bekkur.

Menntaskólar eru: Menntaskólinn í Reykjavík, við Tjörnnina, við Hamrahlíð, að Laugarvatni, á Akureyri og á Ísafirði.

Kennaraskólar eru: Kennaraskóli Íslands, Íþróttakennaraskóli Íslands, Hús-mæðrakennaraskóli Íslands, auk kennaradeilda Tónlistarskólans og Myndlista- og handíðaskóla Íslands.

Sérnámsskólar eru fyrst og fremst eftirtaldir skólar: verzlunarskólar, vélskólar, stýrimannaskólar, bændaskólar, hús-mæðraskólar, tækniskóli, fóstruskóli, loftskeyta-skóli, Tónlistarskólinn í Reykjavík, Myndlista- og handíðaskóli Íslands.

Námstími.

Í 6. gr. reglnanna eru skilyrði um lengd skólatíma: „Við úthlutun dvalarstyrkja koma að jafnaði þeir einir til greina, er sækja nám í skóla, sem kennir hverjum nemanda að minnsta kosti 30 stundir á viku og eigi skemur en 24 vikur á skólaári.“

Þessi grein var túlkuð þannig af nefndinni, að þeir nemendur, er sóttu skóla, sem starfaði skemur en 24 vikur, þ. e. 6 mánuði, hlutu ekki styrk, nema því aðeins að margfeldi kennsluvikna sinnum kennslustundafjölda á viku næði því lágmarki, sem sett var með greininni, þ. e. 24 vikur \times 30 kennslustundir eða 720 kennslustundir yfir skólaárið.

Þeir hlutu ekki styrk, sem stunduðu nám við skóla, sem þó starfaði lengur en sex mánuði, ef kennslustundafjöldi sinnum kennsluvikur náði ekki lágmarkinu.

Eigi voru heldur greiddir styrkir fyrir stutt námsskeið eða námsflokka, mála-skóla o. s. frv., vegna þess hve fáar kennslustundir voru kenndar vikulega, enda algengt að slíkir nemendur stundi vinnu eða aðra skóla með náminu. Hins vegar voru greiddir styrkir fyrir t. d. námskeið Vélaskóla Íslands, þar sem kennslutímabil var liðlega 5 mánuðir, en fjöldi kennslustunda svo mikill, að hann náði umræddu lágmarki. Þessar reglur voru látnar gilda bæði um dvalar- og ferðastyrki.

Nemandi hlaut ekki dvalarstyrk, ef hann stundaði skóla styttri tíma en fyrrgreint lágmarksákvæði segir til um, þótt skóli sá, er hann stundaði námið við, hefði lengri starfstíma. Undantekning frá þessu var gerð, ef staðfest var, að nemandi hvarf frá námi vegna veikinda. Hins vegar voru veittir ferðastyrkir til þeirra, er þreyttu próf við slíka skóla, t. d. utanskólanemendur, þótt þeir hefðu ekki verið skráðir í skólann tiltekinn lágmarkstíma. Styrkt var ein ferð heim og heiman.

Tekjur.

Reglurnar taka hvorki tillit til tekna umsækjanda né vandamanna hans. Hins vegar er tekið tillit til þess að nokkru, hvort nemandi nýtur launa, námslána eða styrkja meðan á námi stendur.

Í 7. gr. reglnanna segir: „Njóti nemandi, eða eigi kost námsláns, eða styrks annars staðar að, eða launa án vinnuframlags á skólaárinu, má lækka dvalarstyrk til hans með hliðsjón af því. Þeir, sem rétt eiga á láni og/eða styrk úr Lánasjóði íslenzkra námsmanna, njóta ekki styrkja samkvæmt þessum reglum.“

Þetta gildi jafnt um dvalar- og ferðastyrki.

Reglunni var beitt þannig, að ekki voru lækkaðir styrkir til þeirra, er hlutu nemendastyrki eða lán frá t. d. sjóðum innan skólanna eða hlutu styrk frá sveitarfélagi o. þ. u. l., enda voru þær fjárhæðir í flestum tilfellum fremur lágar.

Hins vegar hlutu þeir ekki styrki, er höfðu laun á meðan á námi stóð, né heldur þeir, sem höfðu réttindi til styrkveitinga eða lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna. Þeir, sem þannig hlutu laun án vinnuframlags á námstíma voru t. d. iðnnemar, er samkvæmt samningi hljóta laun frá meistara sínum meðan þeir stunda skóla, auk þess sitja þeir að jafnaði ekki lengur í skóla en þrjá mánuði hvert skólaár (og ná því ekki 720 kennslustundum yfir skólaárið). Svipuðu máli gegnir um nám hjúkrunarnema, ljósmæðra, gæzlusystra, símamanna o. fl.

Þeir nemendur framhaldsskóla, er hafa rétt til styrkja og lána úr Lánasjóði ísl. námsmanna, auk nemenda í Háskóla Íslands, eru: Stúdentadeild Kennaraskóla Íslands og nemendur í tæknifræðinámi Tækniskóla Íslands. Þá nutu nemendur framhaldsdeildar Bændaskólans á Hvanneyri lána úr sjóðnum 1969—1971, þótt ekki séu um það lagaákvæði.

Ferðastyrkir.

Veittir voru tvönn konar beinir styrkir til nemenda: ferðastyrkir og dvalarstyrkir.

Augljóst er, að einn þeirra þátta, sem skapa kostnaðarmismun milli nemenda, sem búa fjarri skólastað, og þeirra, sem búa í næsta nágrenni hans, er sá kostnaður, er hlýzt af ferðalögum að og frá skóla.

Var því eðlilegt talið, að slíkur kostnaðarmismunur yrði að nokkru bættur. Í þeim reglum, sem giltu við úthlutun styrkja skólaárið 1969/1970, voru veittir styrkir allt að 75% kostnaðar, við eina ferð til skóla að hausti og aðra frá skóla að vori. Gert var ráð fyrir því, að nemendur tilgreindu kostnað við slíkar ferðir í umsókn sinni og yrði síðan endurgreitt úr ríkissjóði í hlutfalli við þann kostnað. Reyndin varð hins vegar sú, að ekki var unnt að taka beint tillit til þeirra upplýsinga, sem tilgreindar voru í umsókn, því að ferðakostnaður var nálega tilgreindur jafnmismunandi og umsóknir voru margar. Skipti jafnvel þúsundum króna á fargjaldi sambærilegra ferða.

Tók því nefndin þann kost, að fá fram meðaltalsfargjald eftir byggðarlögum (sýslum) og greiða nemandanum ferðastyrk í samræmi við það. Við ákvörðun þessara fargjalda voru gjaldskrár flugfélaga og sérleyfisbifreiða lagðar til grundvallar (sjá fylgiskjal 1).

Ferðastyrkir 1970/1971 voru með nokkuð öðrum hætti en árið áður. Greiðslur voru miðaðar við lögheimilissveitarfélag í stað sýslu áður. Þá var tekið tillit til verðhækkana, en það sem mestu máli skipti var að styrktar voru, auk ferða úr skóla að vori og í skóla að hausti, jólaleyfisferðir nemenda. Þessar breytingar höfðu í för með sér, að styrkir voru nær raunverulegum ferðakostnaði nemenda en áður og almennt allmiklu hærri en áður (sjá fylgiskjal 2 og 3).

Vegna kostnaðar við stuttar ferðir svo sem innan héraðs eða sveitar o. s. frv. var ekki greiddur styrkur. Fyrir skólaárið 1969/1970 var því ekki almennt greiddur styrkur vegna ferðakostnaðar, ef hann var samtals lægri en kr. 400.00, en kr. 1000.00 fyrir skólaárið 1970/1971.

Dvalarstyrkir.

Mestum hluta fjárveitingarinnar var úthlutað sem dvalarstyrkjum til nemenda, er urðu að dvelja fjarri heimilum sínum vegna framhaldsnáms, án þess að eiga kost á skólaheimavist.

Dvalarstyrkir voru hvort ár kr. 1200.00 á mánuði og var miðað við nauðsynlegan dvalartíma nemanda á skólastað, að meðtöldum skólaleyfum. Algengasti starfstími skóla, og þá um leið dvalartími nemanda, er 8 mánuðir, og því var algengasta styrkfjárhæð kr. 9600.00 (8 mán. \times kr. 1200.00).

Þeir nemendur, er stunduðu nám í heimavistarskólum, hlutu ekki dvalarstyrk. Veldur því sú aðstaða og sá heini og óheini stuðningur, sem hið opinbera veitir þessum nemendum nú þegar með ódýrri húsaleigu og mótuneytisaðstöðu, sem er grundvöllur fyrir lægri fæðiskostnaði þessara nemenda en þeirra, sem þurfa að taka sér húsnæði á leigu á skólastað og kaupa sér fæði utan skólans.

Nemendur, sem annað hvort höfðu heimavistarhúsnæði en ekki mótuneyti eða öfugt (t. d. við Menntaskólann á Akureyri og Sjómannaskólann í Reykjavík) hlutu skertan dvalarstyrk eða kr. 600.00 á mánuði, þ. e. helmingi lægri styrk en þeir, sem nutu bæði heimavistarhúsnæðis og mótuneytis.

Skipulagður akstur.

Í reglunum er gert ráð fyrir því, að ef fjarlægð frá heimili nemanda að framhaldsskóla sé löng og samgöngur það óhentugar, að ekki sé hægt að fara til skólans daglega með strætisvagni eða áætlunarbifreið, en unnt væri að sækja skóla frá heimili með daglegum akstri, geti sveitarfélag skipulagt slíkan akstur.

Slíkur akstur hafði að nokkru tíðkapt áður en reglur þessar komu til, t. d. var nemendum, sem áttu lögheimili á Stokkseyri og Eyrarbakka, ekið daglega í framhaldsnám á Selfossi, þar sem ekki var fyrir hendi slíkur skóli í heimabyggð.

Í fyrri reglum var farið inn á þá braut að styrkja slíkan akstur, sem ekki hafði verið styrktur áður. Í síðari reglum eru um þetta svofelld ákvæði:

„Skipuleggi sveitarfélag sameiginlegan daglegan akstur framhaldsskólanema sinna að skóla eða skólum, — staðsettum í öðru sveitarfélagi, endurgreiðir ríkissjóður þrjá fjórðu kostnaðar sveitarfélaga, enda hafi menntamálaráðuneytið áður samþykkt aksturinn og greiðslu fyrir hann.

Hafi sveitarfélag skipulagt akstur vegna skyldunámsnema, er sækja daglega skóla staðsettan í öðru sveitarfélagi og geti framhaldsskólanemar hagnýtt sér þann akstur, skal það heimilt. Sveitarfélög greiða aksturskostnað, en fá hlutfallslega endurgreiðslu úr ríkissjóði, samkv. endurskoðuðum reikningum og fylgiskjölum.“

Slíkur akstur mun hafa og hefur haft í för með sér, að nemendur úr byggðarlögum í næsta nágrenni skóla fá tækifæri til þess að sækja nám heiman frá sér,

sem, ella væri naumast unnt, og þá um leið jafnari aðstöðu til framhaldsnáms. Þá má benda á, að á móti kostnaðarauka við slíkan akstur kemur sparnaður dvalarstyrkja, sem ella færu til sömu nemenda.

Í sambandi við daglegan akstur hefur það og tíðkæzt, að einstaka nemendur, sem búa fjarri skólastað, en aka daglega til skóla, án þess að um sé að ræða skipulagðan akstur á vegum sveitarfélags, hafa hlotið styrk sambærilegan því, sem þeir hefðu hlotið, ef þeir hefðu skipt um búsetu vegna námsins, þ. e. dvalarstyrk. Á þetta við t. d. nemendur úr Keflavík, Grindavík o. fl., er óku daglega til náms í Reykjavík.

Ekki hlutu nemendur þó styrk fyrir daglegan akstur, né vegna bústaðaskipta, ef auðvelt var að koma við eða nýta skipulagðan akstur, t. d. áætlunarbifreiðir, skólaakstur vegna skyldunáms o. s. frv. Eins og fram kemur í yfirliti um fjárráð nefndarinnar og úthlutun bæði árin, var ekki talið fært að taka fé af fjárveitingu hennar til endurgreiðslu á skipulögðum akstri sveitarfélaga, heldur var sá kostnaður greiddur á annan hátt.

V.

Athugasemdir.

Styrkirnir, úthlutun þeirra og reglur um þá, hafa hlotið góðar viðtökur hjá flestum þeim, sem láta sig mál þetta varða. Styrkirnir eru almennt taldir vera skref í rétta átt.

Þó hafa athugasemdir einnig komið fram og eru þessar helztar:

Gagnrýnt var, að ekki kæmi annar beinn styrkur til nemenda í heimavist en ferðastyrkur.

Nokkrar efasemdir voru um það, hvort réttmætt væri að styrkja daglegan akstur á vegum sveitarfélaga, á meðan ekki væri veittur dvalarstyrkur til heimavistarnemenda.

Gagnrýnd var úthlutun styrkja til nemenda í Menntaskólanum á Akureyri, þ. e. að þeir nemendur, sem ekki voru í heimavist, hlutu $\frac{1}{2}$ dvalarstyrk auk ferðastyrkja, en heimavistarnemendur eingöngu ferðastyrk.

Efasemdir voru um réttmæti þess að hafna styrkumsóknum nemenda úr þéttbýli, búsettra í nágrenni skóla, sem af ýmsum ástæðum sæktu sams konar skóla í annað byggðarlag, þar sem orðið „strjálbýli“ væri þegar nokkuð frjállega túlkað.

Þá komu fram mótmæli gegn því, að þeir nemendur væru útilokaðir frá styrkveitingu, er nyttu launa án vinnuframlags (iðnnemar) eða réttinda úr Lánasjóði ísl. námsmanna (t. d. stúdentadeild Kennaraskólans).

Ábendingar komu um það, hvort ekki væri heppilegra að fjárhaldsmenn t. d. þeirra styrkþega, er væru innan sextán ára aldurs, fengju afhenta styrkuppþæðina í stað beinnar greiðslu til nemandans.

Þá var bent á, að efnahagslegt misrétti væri ekki bundið við búsetu í dreifbýli eða þéttbýli og að styrkir veittir vegna búsetu til sumra efnameiri nemenda ykju oft á efnahagslegt misrétti í stað hins gagnstæða.

Síðast en ekki sízt er bent á, að ekki er hægt að líta á aðstöðumun dreifbýlis frá því eina sjónarsviði, er snýr að kostnaði við framhaldsnám. Fjölmörg atriði valda mismunandi aðstöðu til náms. Fæst þeirra eru bundin við strjálbýli eingöngu, heldur eru þau einnig vandamál þéttbýlis. Hins vegar eru þau oft á tíðum tilfínnalegri í strjálbýli og erfiðara úr að bæta. Eftirtalin atriði eru yfirleitt talin aðalorsök aðstöðumunar nemenda:

Fræðsla.

Ójafn undirbúningur vegna mislangrar skólagöngu og mismunandi kennslu-
aðstöðu.

Efnahagur.

Mismunandi fjárhagsleg aðstaða nemenda og vandamanna þeirra.

Hæfni.

Mismunandi aðstaða vegna andlegs og líkamlegs þroska, sérkenna, örorku, skorts á sérkennslu, hjálparkennslu o. fl.

Umhverfi.

Aðstöðumunur vegna uppeldislegra aðstæðna, menningar heimilis, krafna þess til menntunar, stéttaskiptingar, aldurs o. s. frv.

VI.

Lokaorð.

